



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
á Nýsveinahátíð
3. febrúar 2018**

Ágætu nýsveinar og verðlaunahafar,
ráðherrar og borgarstjóri,
forystufólk Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík,
aðrir góðir gestir

Ég fagna því að vera hér með ykkur í dag á nýsveinahátíð. Við höfum nú heiðrað þá sem luku sveinsprófi með láði, þá sem lögðu sig fram og uppskáru svo laun erfiðisins. Þetta er fríður hópur og nú bíður framtíðin, með öllum sínum tækifærum og áskorunum. Sagt hefur verið að tuttugasta og fyrsta öldin verði öld tæknibreytinga, umskipta sem gerist sífellt hraðar. Þá fylgir sögunni að þekking úreldist hratt nema fólk haldi henni við, sé sífellt vakandi, þyrsti sífellt í að vita meira, eflist við hverja raun.

Þetta á við um öll svið menntunar og atvinnulífs. – Og þetta eru reyndar engin tíðindi. Við Íslendingar stærum okkur með réttu af þeim afrekum sem hér voru unnin á sviði menningar og mennta til forna. Hér voru skráðar á skinn sögur sem eiga erindi við allt mannkyn ár og síð. Við nefnum líka gjarnan að öldum saman átti þessi þjóð allt sitt undir því sem landið og hafið gaf af sér, sauðkind og sjávarafli í stuttu máli. En þá gleymist stundum það sem kollegar mínar í sagnfræðingastétt hafa bent á, að forn-Íslendingar voru iðnaðarþjóð og vaðmál helsta útflutningsvaran. Vefkonur stóðu undir þeim atvinnuvegi, ófu ull af miklum móð. Þær eru nær allar nafnlausar í sögunni en leyfið mér að nefna í staðinn Margréti oddhögu; hún skar biskupsstaf úr rostungstönn, „gerðan svo haglega, að enginn maður hefði fyrr séð jafnvel gerðan á Íslandi“ eins og segir í sögu Páls Jónssonar biskups í Skálholti. Og gleymum þá ekki heldur Ingunni Arnórsdóttur. Hún lærði latínu og aðrar menntir á Hólum, hinum biskupsstaðnum til forna, í tíð Jóns biskups Ögmundssonar. Það var auðvitað fáheyrt að stúlka sæti á skólabeck og líkast til var það svo að hún nam fræðin

um leið og hún sinnti vefnaði og öðrum kvenmannsverkum þess tíma. Frá þessu segir á þessa leið í sögu Jóns biskups, í styttri endursögn:

Þar var og í fræðinæmi hreinferðug jungfrú, er Ingunn hét. ... kenndi hún mörgum grammaticam og fræddi hvern er nema vildi; urðu því margir vel menntir undir hennar hendi ... en hún sjálf saumaði, tefldi, eða vann aðrar hannyrðir með heilagra manna sögum, kynnandi mönnum guðs dýrð eigi aðeins með orðum munnnáms, heldur og með verkum handanna.

Ingunn steig inn í karlaheim. Það gerði líka heiðursiðnaðarmaður Iðnaðarmannafélags Reykjavíkur, vélvirkinn Rannveig Rist sem tók við þeirri göfugu nafnbót hér áðan. Rannveig getur verið mörgum fyrirmynd, hún þorði, vildi og gat. Svo getum við sagt um þær báðar, Ingunni Arnórsdóttur og okkar nýja heiðursiðnaðarmann, að þær brúðu hvor með sínum hætti bilið milli bóknáms og iðngreina. Og þeir voru fleiri sem það gerðu á sínum tíma. Í biskupstíð Jóns Ögmundssonar á Hólum var þar kirkjusmiður Þóroddur Gamlason, mikill hagleiksmaður og af honum er þessi frásögn: „Það er sagt frá þessum manni að hann hafði svo hvasst næmi að þá er hann var að smíð sinni og hann heyrði að klerkum var kennd grammatika, en það er latínulist, loddi það svá í eyrum að hann varð hinn mesti íþróttamaður í sagðri list.“

Nú til dags verður okkur tíðrætt um nauðsyn þess að auka gildi iðnnáms, auka vegsemd þess og virðingu. Góð leið til þess gæti falist í því að hætta að tala um bóknám annars vegar og verknám hins vegar, eins og hér séu tvær aðskildir leiðir til mennta og þroska. Ekki litist mér á rafvirkja eða smíð sem aldrei hefði litið í bók í sínu námi, og lítið gagn er í fólki í heimi hug- eða félagsvísinda sem horfir aldrei upp úr skruddunum. Ég stenst heldur ekki mátið og nefni að heitustu umræður sem ég hef orðið vitni að um fall Rómaveldis, ástæður þess og afleiðingar, áttu sér stað í brúnni á fraktskipi sem ég var munstraður á eitt sumar, óreyndur landkrabbinn. Þar voru íþróttamenn í sagnalist, að vissu leyti svipaðir Þóroddi sem smíðaði kirkjur en lærði um leið latínu.

Já, þessi skipting í bóknám og verknám stenst í raun ekki skynsamlega skoðun. Auk þess getur hún jafnvel hamlað því að þörfum samfélagsins sé mætt, hamlað því að ungmenni mennti sig í því sem hugur þeirra stendur til. Sönn menntun snýst einfaldlega um það að fólk finni hvaða hæfni það vill öðlast, sjálfu sér og öðrum til hagsbóta. Og sönn menntun snýst líka um að gera hlutina vel, sýna metnað í verki eins og verðlaunahafar hér eru svo sannarlega til vitnis um. Við þurfum að efla menntakerfi sem stuðlar á þennan hátt að öflugri einstaklingum og öflugra samfélagi, þar sem fjölbreytni er í hávegum höfð og námi ekki skipað á ímyndaðan og úreltan virðingarskala. Þetta vita núverandi stjórnvöld, ég vitna því að lokum í stjórnarsáttmála þeirrar ríkisstjórnar sem nýverið tók við völdum í landinu: „Ríkisstjórnin ætlar að leggja sérstakra áherslu á listnám og aukna tækniþekkingu sem gera mun íslenskt samfélag

samkeppnishæfara á alþjóðavísu. Iðnnám og verk- og starfsnám verður einnig eft í þágu fjölbreytni og öflugra samfélags.“

Framtíðin getur verið svo björt, góðir áheyrendur. Ég óska nýsveinum og meisturum þeirra til hamingju með daginn. Gangi ykkur öllum vel á lífsins leið.